



27. ágúst 2020

Heimsóknir á hjúkrunarheimili. HÆTTUSTIG almannavarna - COVID-19

1. Allir gestir eru beðnir að virða 2ja metra regluna (nema maki)
2. Allir gestir þvo hendur sínar áður en lagt er af stað og spritta hendur í inngangi heimila.
3. Eingöngu nánustu aðstandendur mega koma í heimsókn og almenna reglan er að einn gestur komi í heimsókn í einu. Stjórnendur heimila meta aðstæður og geta leyft 2 gestum að hámarki að koma inn á sama tíma á meðan að hættustig almannavarna er í gildi.
4. Nánustu ættingjar hafa kost á að skipta með sér heimsóknum um viku tíma.
5. Heimsóknargestir verða að fara eftir ítrustu leiðbeiningum um sóttvarnir í samfélaginu og sérstaklega er mikilvægt að virða eftirfarandi:
 - a. Ekki vera í fjölmenni. Dæmi um hvað átt er hér við:
 - I. Ekki fara í stórar veislur, almenna reglan er að vera ekki í samkvæmi þar sem fleiri en 10 koma saman.
 - II. Takmarka ferðir í verslanir. Ef þarf að fara í verslun, ekki fara á háannatíma. Fara frekar snemma morguns eða seinna um kvöld þegar minna er að gera.
 - b. Ekki koma í heimsókn ef þú hefur dvalið erlendis síðustu 14 daga.
 - c. Ekki koma í heimsókn ef þú ert með flensulík einkenni eða ert í sóttkví/einangrun.
 - d. Ekki koma í heimsókn ef þú hefur umgengist einhvern sem er með flensulík einkenni eða hefur dvalið erlendis síðustu 14 daga.
6. Heimsóknargestir eiga að fara beint inn og út úr herbergi aðstandenda og mega ekki dvelja í sameiginlegum rýmum.
7. Heimsóknargestur sem þarf að ná tali af starfsmanni er beðin að hringja til hans og bíða svo inn á herbergi þar til starfsmaður kemur til hans.

Íbúar mega fara í bíltúr, göngutúr og í heimsóknir með þeim tilmælum að í þessum ferðum hitti íbúar sömu aðila og þá sem koma í heimsókn til þeirra. Á virkum dögum er æskilegt að íbúar fari sem minnst á neðri hæð fyrr en eftir 16:30 þar sem starfsemi sjúkrahjálfa, heilsugæslu og tannlæknis er til húsa. Það er gert til að takmarka aðgang íbúa við aðra utan þess sem kemur í heimsókn.

Birna Björnsdóttir
Hjúkrunarforstjóri – forstöðumaður
Hornbrekku